



# 1. MIKILVÆGI SÖGUNNAR

Bls. 5–11

## Markmið

Að nemandi átti sig á:

- mikilvægi sögulegrar þekkingar
- tengslum nútíðar og fortíðar
- tengslum Íslandssögu við mannkynssögu
- því að sögunám getur aukið skilning á eigin umhverfi og manni sjálfum
- að sagnfræði byggist á vísindalegum vinnubrögðum
- að sagan skiptist í tímabil
- tímabilinu sem bókin fjallar um (íslenskar miðaldir)

## Kennsla

Sjálfsgagt er að benda nemendum á að sagan veitir okkur skilning á heiminum sem við lifum í. Þar sem umhverfið hefur mótandi áhrif á okkur leiðir söguþekking til frekari sjálfskilnings.

Það er gott fyrir nemendur að fá innsýn í vinnubrögð sagnfræðinga. Með því að upplýsa nemendur um heimildanotkun sagnfræðinga átta þeir sig betur á því hvernig sagan er skrifuð. Mikilvægt er að þeir fái vitneskju um að endanleg saga sé ekki til enda séu mörg álitamál í sagnfræði.

Útskýra þarf fyrir nemendum að sagnfræðingar hafa skipt sögunni niður í tímabil sem hafa sín sérkenni. Þegar miklar breytingar verða í heiminum kemur nýtt tímabil fram með önnur sérkenni.

Nemendur þurfa að átta sig á að Íslandssagan stendur okkur næst þar sem hún lýsir okkar samfélagi. Þá er nauðsynlegt að geta þess að saga Íslands hlýtur alltaf að taka mið af mannkynssögunni þar sem landið hefur alltaf verið í tengslum við önnur lönd. Við getum ekki skilið þróun Íslandssögunnar án þess að átta okkur á þeim áhrifum sem berast hingað erlendis frá.

## Umræður

- Hvað vita nemendur um sögu Íslands?
- Hvað er saga og hvaða atburðir komast í sögubækur?
- Hvernig getur þekking á sögunni nýst okkur í lífinu?
- Hvernig værir líf okkar öðruvísi ef við hefðum fæðst í öðru landi á annarri öld?
- Hvað er ólíkt með lífi okkar í dag og lífi þeirra sem bjuggu á Íslandi árið 930?
- Á hvaða tímabili Íslandssögunnar hefðu nemendur viljað lifa og af hverju?
- Hvernig getur góð þekking á sögu landins nýst okkur í lífinu?
- Hvaða heimildir eru góðar og hverjar ekki? Hvaða heimildum treysta nemendur best/verst?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 6, *Mannkynssaga fyrir byrjendur*, efni kaflans?



## VERKEFNI

### Ritun

- Skrifaðu frásögn af því þegar þú varst skírður. Fyrst þarft þú að afla heimilda um það hvernig skírnin gekk fyrir sig. Þú þarft að vinna eins og sagnfræðingur – til dæmis með því að taka viðtöl eða skoða gamlar myndir. Þú getur fjallað um hvar skírnin átti sér stað, hverjir voru viðstaddir, hvernig athöfnin fór fram og hvað hafi verið gert í kjölfarið.
- Skrifaðu sendibréf þar sem þú segir frá degi í lífi þínu. Þú þarft að útskýra það sem viðtakandi bréfsins á hugsanlega erfitt með að skilja. Reyndu að skrifa um það sem þú heldur að muni vekja mestan áhuga. Skrifaðu eftirfarandi persónum:
  - a. Jafnaldra þínum á Íslandi frá því um árið 930.
  - b. Jafnaldra þínum sem býr í Kína í dag.
- Skrifaðu frétt þar sem sagt er frá uppgötvun sagnfræðings eða fornleifafræðings um eitthvað sem gerðist í fortíðinni. Hugsanlega er hægt að finna frétt um fornleifafund og af fornleifauppgreftri. Þú getur miðað við að sagnfræðingurinn hafi fundið skjal sem ekki var vitað um eða aðrar fornminjar sem voru óþekktar.

### Myndmennt

- Teiknaðu nokkrar myndir sem sýna þig í mismunandi umhverfi. Fyrsta myndin á að vera af þér í dag, næsta mynd á að vera af þér sem Íslendingi árið 930 og síðasta myndin á að vera af þér sem Kínverja í dag.
- Teiknaðu mynd sem sýnir allt það sem er mikilvægast í lífi þínu. Þú getur til dæmis teiknað mynd af þér umkringdum því sem mestu máli skiptir fyrir þig.
- Hópverkefni þar sem útbúin eru veggspjöld þar sem tímabil sögunnar koma fram. Fyrst er að afla sér upplýsinga um tímabilin og vinna úr þeim. Hver hópur kynnrir sér sitt tímabil og vinnur t.d. veggspjald þar sem einkenni tímabilsins koma fram og ártal sem afmarkar byrjun og endi þess tímabils.

### Kort

- Merktu inn á Íslandskort (kort er að finna undir verkefni) þá staði sem þú hefur komið til. Undirstrikaðu þá sem skipta þig mestu máli? Af hverju skipta þeir mestu máli?
- Merktu inn á heimskortið (kort má finna undir verkefni) þá staði sem þú hefur komið til. Merktu með öðrum hætti (lit/merki) við þau lönd sem þú heldur að hafi áhrif á þig (til dæmis út af tónlist eða kvikmyndum sem þaðan koma).

### Tímaás

- Myndræn útfærsla á tímaás sett upp í kennslustofunni og atburðir sögunnar smátt og smátt merktir inn á hann um leið og kaflar eru lesnir. Eða að hver nemandi gerir sinn eigin tímaás og merkir inn á hann jafnóðum við lestur bókarinnar. Hugmynd að tímaás er að finna undir verkefnum.



# 1. MIKILVÆGI SÖGUNNAR – VERKEFNI

Bls 5–11

1. Hvað hefur þú lært um sögu Íslands áður? Nefndu nokkur atriði. \_\_\_\_\_

---

---

---

---

2. Hvað er átt við þegar sagt er að fortíðin sé hluti af umhverfi okkar? Nefndu dæmi.

---

---

---

---

3. Hvernig værir þú öðruvísi ef þú hefðir fæðst í öðru landi á annarri öld?

---

---

---

---

4. Hvað er ólíkt með lífi okkar í dag og lífi þeirra sem bjuggu á Íslandi á landnámsöld?

---

---

---

---

5. Um hvað fjallar fræðigreinin saga?

---

---

---

---



6. Hvaða heimildir nota sagnfræðingar til að átta sig á sögunni?

---

---

---

---

7. Af hverju treystum við sumum heimildum betur en öðrum? Hvaða heimildir eru góðar og hverjar ekki?

---

---

---

---

8. Í hvaða tímabil skiptist sagan? Hvað ræður tímabilaskiptingunni?

---

---

---

---



# 1. MIKILVÆGI SÖGUNNAR – LAUSNIR

1. Mismunandi svör.
2. Fortíðin er alls staðar í kringum okkur. Sumt er augljóst en annað er erfiðara að koma auga á. Húsin í kringum okkur eru til dæmis frá ólíkum tímum. Með tímanum lærum við að þekkja eigið umhverfi. Okkur þykir sjálfsagt að heyra íslensku, fara á milli staða í bílum, mæta í skólann á virkum dögum og eiga frí um helgar.
3. Mismunandi svör. Til dæmis myndum við ekki tala íslensku né kynnast íslenskri menningu og náttúru.
4. Mismunandi svör eftir þekkingu nemenda. Til dæmis einfaldara samfélag, lítil tækni eða þægindi. Langflestir voru bændur sem bjuggu dreift um landið.
5. Sagan fjallar um allt það sem maðurinn hefur gert og upplifað í fortíðinni. Hún veitir upplýsingar um þróun samfélaga til okkar tíma og auðveldar okkur þar með að skilja eigið samfélag.
6. Munnlegar heimildir (viðtöl), ritaðar heimildir (textar) og fornleifar.
7. Geta verið mismunandi svör. Til dæmis eru munnlegar heimildir oft ekki nógu góðar þar sem minni manna er ótraust og sumir vilja kannski ekki segja satt frá. Skriflegar heimildir eru auðvitað misjafnlega traustar en fornleifar eru yfirleitt ábyggilegastar. Best er að hafa sem fjölbreytilegastar heimildir.
8. Sagan skiptist í fornöld, miðaldir og nýöld. Tímabil í sögu þarf að hafa einhver sérkenni sem eru ólík öðrum tímabilum. Með miklum samfélagsbreytingum tekur nýtt tímabil við.